

**BRÁÐABIRGÐALÖG****106**

30. des.

**um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Sjávarútvegsmálaráðherra hefur tjáð mér, að unnt muni vera að lækka endurtryggingarkostnað Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum með því að breyta endurtryggingarsamningunum og auka hlutdeild Samábyrgðarinnar í tryggingunni, og að slíkar breytingar sé hægt að gera án þess að hagsmunum hinna tryggðu sé stefnt í tvísýnu. Hins vegar séu ákvæði núgildandi laga um takmörkun á áhættu Samábyrgðarinnar til fyrirstöðu áður-nefndum breytingum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

**1. gr.**

Sjávarútvegsmálaráðuneytið ákveður, hversu háa fjárhæð Samábyrgðin tekur í eigin áhættu í hverju skipi.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1962, og er með þeim úr gildi numin 2. gr. laga nr. 52 17. maí 1947.

*Gjört í Reykjavík, 30. desember 1961.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Emil Jónsson.*

**AUGLÝSING****107**

30. des.

**um niðurfelling breytingar, er gerð var 8. september 1961 á forsetaúrskurði frá 20. nóvember 1959, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.**

Eftir tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands í dag felld úr gildi frá og með 1. janúar 1962 breytingu þá, er gerð var 8. september 1961 um stundarsakir á forsetaúrskurði frá 20. nóvember 1959, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., er ráðherra Bjarna Benediktssyni var falið að gegna störfum forsætisráðherra og öðrum ráðherrastörfum Ólafs Thors, en ráðherra Jóhanni Hafstein á meðan falið að gegna ráðherrastörfum Bjarna Benediktssonar, og fara forsætisráðherra Ólafur Thors og ráðherra Bjarni Benediktsson frá þeim degi aftur með þau mál, er þeim eru falin í forsetaúrskurði frá 20. nóvember 1959.

*Í forsætisráðuneytinu, 30. desember 1961.*

**Bjarni Benediktsson.**

---

*Birgir Thorlacius.*